

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður.

erindi sent rafrænt á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. maí 2022.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (hækkun hlutfalls endurgreiðslu), lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021–2022 með þingskjali 1039, 692. mál.

Nefnd um endurgreiðslur skv. lögum nr. 43/1999 (hér eftir kölluð nefndin) vekur hér með athygli Atvinnuveganefndar á því að í nefndin gerði sérstakar athugasemdir við frumvarpsdrög í samráðsgátt fyrir veittan frest þar hinn 12. maí sl. Þó þeirra sé einhverra hluta vegna ekki getið í frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi með þingskjali 1039. Nefndin vísar hér með til þeirra athugasemda en telur einnig rétt að árétta nokkur atriði hvað varðar skilyrði **skilyrði 1. gr. frumvarpsins um 30 tökudaga og 50 starfsmenn sem og gildistökuákvæði 4. gr.**

30 daga skilyrði: Nefndin bendir á að í athugasemdum með frumvarpinu séu takmarkaðar skýringar á því hvernig eigi að reikna dagafjölda umfram sérstaka tökudaga, eða hvert hlutfall tíma við tökurlaun þurfi að vera til að það teljist til tökudags, Auk þess bendir nefndin á að orðalagið „heimild“ til að reikna eftirvinnslutímabil inn í 30 dagana háða túlkun og telur nefndin ákvæðið þurfa að vera skýrara hvað þetta varðar.


50 starfsmenn: Hvað varðar þann hluta 1. gr. frumvarpsins sem tiltekur 50 starfsmenn er ítrekað að ekki sé skýrt við hvað sé átt með orðinu „starfsmenn“ í frumvarpinu. Þar telur nefndin rétt að skýrt sé t.d. hvort sé átt jafnt við launþega og verktaka, hvort starfshlutfall skipti máli, eða hvað það þýði að vinna „beint að verkefninu“. Einnig verður ekki séð af frumvarpinu hvort skilyrði sé að þessir 50 starfsmenn þurfi að vera þeir sem fá launa- eða verktakagreiðslur hér á landi og skattlagning eigi sér stað hér á landi, sbr. skilyrði sem er í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 43/1999 vegna kostnaðar sem telst til framleiðslukostnaðar skv. lögnum.

Nefndin telur til bóta að bæði þessi skilyrði (30 dagar og 50 starfsmenn) séu skýrari í lagatexta og/eða athugasemdum í nefndarálit. Það felur í sér gagnsæi fyrir umsækjendur sem og fyrir nefndina sem þarf að gæta þess við afgreiðslu sína að skilyrðin séu uppfyllt og hafa til þess raunhæfa möguleika.

Gildistökuákvæði: Einnig gerir nefndin sérstakar athugasemdir við **4. gr. frumvarpsins varðandi gildistöku** og telur þurfa að skýra frekar hvort þau verkefni sem hafa þá þegar fengið vilyrði fyrir endurgreiðslu þegar lögin taka gildi geti sótt 35% endurgreiðslu að uppfylltum skilyrðum laganna þegar til útborgunar þeirra vilyrða kemur, eða hvort það séu einungis verkefni sem fá vilyrði eftir gildistöku laganna. Almennur ferill endurgreiðslumála gerir ráð fyrir því að umsókn um endurgreiðslu berist áður en framleiðsla hefst, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 43/1999 og skv. 3. mgr. sömu greinar gefur nefnd um endurgreiðslur út vilyrði fyrir endurgreiðslu ef umsókn uppfyllir skilyrði. Útborgun skv. beiðni um endurgreiðslur, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna fer síðan fram eftir að framleiðsla er lokið og því líður nokkur tími á milli útgáfu vilyrðis og beiðni um útborgun. **Nefndin telur nauðsynlegt að það sé skýrt hvort gildistaka laganna geti haft áhrif á umsóknir sem hafa fengið vilyrði eða ekki og helst að lagatextinn sjálfur taki af tvímæli um það.** Nokkuð hefur verið um spurningar til starfsmanns nefndarinnar vegna þessa síðustu daga og þess vegna telur nefndin sérstaklega brýnt að skýrar línur séu settar.

Að öðru leyti lýsir nefndin sig reiðubúna til að svara spurningum nefndarmanna Atvinnuveganefndar ef þörf krefur.

F.h. nefndar um endurgreiðslur,


Þóra Hallgrímsdóttir, formaður.